



# Eyrarrósinn

## Auglýst eftir umsóknum um Eyrarrósina

Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands standa saman að Eyrarrósinni, viðurkenningu sem frá árinu 2005, hefur verið veitt einu afburða menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar á landsbyggðinni. Umsækjendur geta verið m.a. stofnun, safn, tímabundið verkefni eða menningarhátíð.

### UMSÓKNUM SKAL FYLGJA:

#### Lýsing á verkefninu

Lögð skal fram greinargóð lýsing á verkefninu, umfangi þess, sögu og markmiðum.

#### Tíma- og verkáætlun

Gera skal grein fyrir stöðu og áætlaðri framvindu verkefnisins og áformum á árinu 2012. Skilyrði er að verkefninu hafi nú þegar verið hleypt af stokkunum.

#### Upplýsingar um aðstandendur

Lagðar skulu fram ítarlegar upplýsingar um helstu aðila sem að verkefninu standa og grein gerð fyrir þeirra þætti í því.

#### Fjárhagsáætlun

Tilgreina skal tekjur og gjöld verkefnisins á þessu ári. Uppgjör ársins 2010 fylgi umsókn.

- Ef umsókn fylgja ekki ofangreindar upplýsingar verður hún ekki tekin til greina
- Úthlutunarnefnd tilnefnir þrjú verkefni úr hópi umsækjenda um Eyrarrósina 2012
- Eitt þeirra hlýtur viðurkenninguna, 1.500.000 kr. og verðlaunagrip til eignar
- Hin tvö hljóta 250.000 kr. og auk þess fá öll þrjú tilnefndu verkefniin flugmiða með Flugfélagi Íslands
- Viðurkenningin verður veitt í ársbyrjun 2012 á Bessastöðum. Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú
- Umsóknarfrestur er til **17. nóvember 2011** og verður öllum umsóknum svarað
- Umsóknir skal senda til Listahátíðar í Reykjavík, pósthólf 88, 121 Reykjavík, merktar „Eyrarrósinn“

Nánari upplýsingar fást hjá  
Listahátíð í Reykjavík  
í síma 561 2444, [artfest@artfest.is](mailto:artfest@artfest.is)  
[www.listahatid.is/eyrarrosin](http://www.listahatid.is/eyrarrosin)